

Reykjanesbæ 29. maí 2020

Til sveitafélaga á Suðurnesjum

Efni: Aukin þörf á fjárstuðningi til framfærslu

Kæru viðtakendur.

Þann 14. maí sl. funduðu prestar og starfsmenn sókna á Suðurnesjum ásamt Vilborgu Oddsdóttur frá Hjálparstarfi kirkjunnar. Tílefni fundarins var aukin þörf og yfirvofandi fjölgun þeirra sem leita munu aðstoðar hjá Hjálparstarfi kirkjunnar í gegnum kirkjurnar á svæðinu, Velferðarsjóð Suðurnesja og Líknar- og hjálparsjóð Njarðvíkurkirkna á komandi mánuðum. Hópurinn hefur miklar áhyggjur af því ástandi sem skapast mun í haust að óbreyttu þegar uppsagnarfresti fólks lýkur og fleiri fara á atvinnuleysisbætur. Fyrir er stór hópur öryrkja auk erlendra ríkisborgara sem er á mjög lágrí framfærslu á svæðinu. Sífellt meiri ásókn er í stuðning við kaup á mat og lyfjum.

Við leyfum okkur að benda á að það er hlutverk sveitarfélaga að tryggja fólki grunnframfærslu. Þannig er það í raun ekki hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar, Líknar- og hjálparsjóðs Njarðvíkurkirkna né Velferðarsjóðs Suðurnesja að létta ábyrgð sveitarfélaganna af framfærslu íbúa. Má þar einkum benda á greiðslu skólamatar og allt sem fellur undir skipulagt skólustarf eins og skólalúðir og skólaferðarlög. Eins vekjum við athygli á því að framfærslustyrkur er mun lægri hjá sveitarfélögum á Suðurnesjum en hjá öðrum sveitarfélögum. Við leggjum til að sveitarfélögin á Suðurnesjum hækki sitt framlag til jafns við framfærslustyrki annarra sveitarfélaga.

Ljóst er að Hjálparstarf kirkjunnar, Velferðarsjóður Suðurnesja og Líknar- og hjálparsjóður Njarðvíkurkirkna munu þurfa að skerpa enn frekar á hlutverki sínu á komandi tíma enda svigrúm til aðstoðar háð frjálsum framlögum í fyrrnefnda sjóði.

Við lýsum okkur reiðubúin til samtals um málefnið.

Með vinsemd og virðingu og von um áframhaldandi farsælt samstarf

Baldur Rafn Sigurðsson, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Njarðvíkurprestakalli,  
Erla Guðmundsdóttir, Fritz Már Jörgensen Berndsen, Keflavíkurprestakalli,  
Sigurður Grétar Sigurðsson, Útskálaprestakalli.

	Reykjanesbær
Mótt.	31.07.2020
Lykill	07.23
Málsnr.	2020070426
Ábm.	HÓ'E